

From: [Sigrún Guðmundsdóttir](#)
To: aldis@fludir.is; [Anton Kári Halldórsson](#); [Ásta Stefánsdóttir \(asta@blaskogabyggd.is\)](mailto:Ásta.Stefánsdóttir@blaskogabyggd.is); [Bragi Bjarnason](#); [Elliði Vignisson](#); [Fjola Steindóra Kristinsdóttir](mailto:Fjola.Steindóra.Kristinsdóttir@hsl.is); [Haraldur Þór Jónsson \(haraldur@skeidgnup.is\)](mailto:Haraldur.Pór.Jónsson@skeidgnup.is); [Hulda Kristjánsdóttir](#); iris@vestmannaeyjar.is; [Mýrdalshreppur \(sveitarstjori@vik.is\)](mailto:Mýrdalshreppur@veitarstjori@vik.is); [Pétur Georg Markan](#); [Sveitarstjóri - Rangárþing ytra \(sveitarstjori@ry.is\)](mailto:Sveitarstjóri - Rangárþing ytra@sveitarstjori@ry.is); [Sveitarstjóri Skaftárhrepps](mailto:Sveitarstjóri Skaftárhrepps@sveitarstjori@skafthrepps.is); sylviakaren@skeidgnup.is; [Valtýr Valtýsson \(valtýr@asahreppur.is\)](mailto:Valtýr.Valtýsson@asahreppur.is)
Subject: FW: Áriðandi: Varðandi áform umhverfisráðherra um að leggja niður heilbrigðiseftirlitið
Date: fimmtudagur, 19. mars 2026 22:07:56
Attachments: [image005.png](#)
[image006.png](#)
[image009.png](#)
[Uppfært - S-3 og 3-31 \(og S-160-2025\) Sveitarfélög, landshlutasamtök.png](#)

Sent á sveitarfélög á Suðurlandi
Til upplýsinga – frjálst að deila að vild

Kveðja,
F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Sigrún Guðmundsdóttir

framkvæmdastjóri

Austurvegi 65, 800 Selfoss - Sími: 480-8250 - www.hsl.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Please consider the environment before printing.

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stilaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skýlt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr. 5. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

From: Pétur Halldórsson <petur@heilbrigdiseftirlit.is>

Sent: fimmtudagur, 19. mars 2026 16:18

To: Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>

Subject: RE: Áriðandi: Varðandi áform umhverfisráðherra um að leggja niður heilbrigðiseftirlitið



Líkt og umsagnir um málið gefa til kynna þá sjá það allir sem vilja að þetta mál er illa undirbúið og myndi hafa slæmar afleiðingar í för með sér, t.d. fyrir [öryggi leikskólabarna](#) og [gæði neysluvatns](#).

Frumvarpið boðar flóknari stjórnsýslu

Þessi áform snúast fyrst og fremst um það að leggja niður heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna og flytja sum verkefni þeirra til Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar en önnur til sveitarfélaganna sjálfra. Þetta myndi flækja stjórnsýslu málaflokksins verulega, líkt og sjá má á myndunum hér fyrir neðan.

Á mynd 1 má sjá hvernig skrifstofur [heilbrigðiseftirlitssvæðanna](#) dreifast um landið í núverandi fyrirkomulagi. Reynslan hefur sýnt að heilbrigðisnefndirnar hafa gott tengslanet innan sinna sveitarfélaga og ekki síst við þá starfsmenn sem sjá um innviði á borð við vatnsveitur, fráveitur og skóla. Þetta hefur reynst afar mikilvægt þegar skjót viðbrögð skipta sköpum, eins og hefur t.d. sýnt sig vegna COVID og eldsumbrota á Reykjanesskaga.

Á mynd 2 má sjá tengslanetið sem Umhverfis- og orkustofnun og Matvælastofnun myndu þurfa að byggja upp til að ná sambærilegri samþættingu verkefna og er í dag. Þetta er afar óraunhæft og það blasir við að það væri talsvert einfaldara fyrir ríkisstofnanirnar að efla enn frekar samstarf sitt við heilbrigðisnefndirnar (sbr. mynd 1) í samanburði við það að byggja upp samskonar samstarf á grundvelli miðstýringar (sbr. mynd 2).



Mynd 1: Núverandi tengslanet í stjórnsýslu heilbrigðiseftirlits á Íslandi.



Mynd 2: Áform umhverfisráðherra um nýtt tengslanet heilbrigðiseftirlits.

Á meðan við viljum þakka öllum sem hafa þegar látið sig málið varða, þá viljum við hvetja alla til að fylgjast vel með ef/þegar málið kemur inn á þingið, því þetta hefur mikil áhrif á hagsmuni allra sveitarfélaga og íbúa landsins.

Með kveðju,

Pétur Halldórsson

heilbrigðisfulltrúi

HEF Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar,
Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness



Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur

Sími: 550 5400

www.heilbrigdiseftirlit.is

héf@heilbrigdiseftirlit.is

